

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1995-2015, Ásar (ÍB-2), Hraunsholt.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. desember 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1995-2015 frá 17. nóvember 1997.

Breytingin felst í því að svæði fyrir opinberar stofnanir við Bjarkarás verður íbúðarsvæði og íbúðarsvæði við Brekkuás verður svæði fyrir opinberar stofnanir.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Garðabæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 8. desember 2003.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.